

Fundur skólaráðs fimmtudaginn 22. maí kl. 8.20.- 9.10

Mættir voru: Edda Lína og Helga Rut fulltrúar foreldra, Emilía Sif og Breki Rafn fulltrúar nemenda. Ólafur og Stella fulltrúar kennara, Elín Dóra fulltrúi starfsmanna og Hafdís Bára skólastjóri. Aðrir boðuðu forföll.

1. Skólapúlsinn niðurstöður.

- a. **Nemendakönnun.** Niðurstöður úr þremur af fjórum könnunum liggja fyrir. Tekið er úrtak nemenda úr 6. og 7. bekk fjórum sinnum yfir skólaárið. Niðurstöður eru góðar og nokkur atriði þar sem nemendur Hofstaðaskóla koma marktækt betur út á landsvísi. Þeim líður vel, hafa gott sjálfalít, samsama sig við nemendahópinn, hafa trú á eigin getu og eigin vinnubrögðum. Þar sem þeir eru lægri en almennt gerist er virkni í kennslustundum. Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði og náttúrufræði, agi í tímum, tíðni leiðsagnarnáms og einelti er á pari við landið. Stúlkur hafa örlítið meiri trú á eigin vinnubrögðum en almennt er ekki munur á kynjum. Í opnum svörum nefna þau m.a. vinina, íþróttir, frímínútur, smiðjur, kennara, félagsmiðstöð og góðan mat sem jákvæða þætti. Leikvöllinn, lengri matartíma og matinn sem neikvæða þætti.
- b. **Foreldrakönnun.** Hún er lögð fyrir úrtak foreldra annað hvert ár. Þau atriði sem er marktækt yfir landsmeðaltali er hæfilegur agi, skólinn mætir þörfum barnanna, aðstaða í skólanum, stjórnun skólans, þátttaka foreldra í heimnámi og væntingar um að barnið ljúki háskólanámi. Hraði úrvinnslu eineltismála er undir landmeðaltali líkt og frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nám barna og væntingar um barnið ljúki iðnnámi. Aðrir þættir á pari s.s. samskipti við starfsfólk, líðan nemenda almennt og í kennslustofum, ánægja með eineltisáætlun, ánægja með foreldrasamtöl, upplýsingar um stefnu skólans og vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í námi.

2. Rýnihópur nemenda, barnvænt samfélag.

Niðurstöður voru sendar fyrir fundinn og fundarmönnum boðið að ræða þær. Almennt kalla nemendur eftir því að hafa fleiri bekkjarfundi, fleiri nemendaráðsfundi og fá að hafa meiri áhrif sem rímar við markmið skólans um að kalla meira eftir röddum nemenda. Margvísleg atriði eru nefnd s.s. endurbætur á skólalóð sem eru að hefjast. Rætt var um lengd matartíma sem sumum þykir of stuttir. Skólabragur í matsal hefur gjörbreyst eftir að matartíminn var styttr og er því helst að þakka að færri eru í einu í mat. Minni hópur og því meiri ró. Þeir nemendur sem það þurfa fá að vera lengur og klára sinn mat. Niðurstöður eru sendar á Skóladeild, Þjónustusvið, íþróttafulltrúa Garðabæjar og viðeigandi aðila eftir eðli atriða. Almenn ánægja var með fundinn meðal nemenda.

3. **Skýrsla skólaráðs.** Hún er tekin saman af skólastjóra og byggir á fundargerðum vetrarins. Ekki voru gerðar athugasemdir við hana og telst hún því samþykkt og verður birt á vefsíðu skólans. Starfsáætlun ráðsins stóðs í megindráttum, einstaka fundir voru færðir til en dagskrá stóðst.
4. **Næsta skólaár.** Nemendum fækkar um ca. 20. 59 börn eru skráð í 1. bekk og 78 fara úr 7. bekk. Einhver hreyfing er í öðrum árgöngum, nemendur fara og aðrir koma í staðinn. Einn kennari hættir sökum aldurs, tveir minnka við sig starfshlutfall og deila einni stöðu í sérkennslu, tveir fara í námsleyfi. Ráðningar kennara hafa tekist vel, frekar fáar en góðar umsóknir berast og kennarar geta valið um stöður. Eftir er að ráða nýjan deildarstjóra stoðþjónustu. Sömu fulltrúar halda áfram í skólaráði enda allir kjörnir til tveggja ára.

Haldið verður áfram að klæða skólahúsið að utan í sumar, endurnýjun skólalóðar hefst og unnið verður að minni viðhaldsverkefnum. Ástand skólans er frekar gott og verður í toppstandi í haust ef áætlanir standast.

5. **Erindi frá nemendum.** Spurt var hvort til standi að opna aftur tölvustofu eins og var fyrir mygluna. Vilji er til þess en ekki á áætlun fyrir næsta skólaár. Mikilvægt er að nemendur fái þjálfun í að sitja við tölvu með lyklaborð og mús auk þess að læra rétta vinnustellingar.
6. **Erindi frá foreldrum.** Var ekki rætt á fundinum en upplýst hér að foreldra félagið hefur gefið skólanum sex Ukulele hljóðfæri til notkunar í tónmenntakennslunni og þythokkíborð í félagsmiðstöðina Dropann. Foreldrar styrkja líka íþrótt- og útivistardaginn og greiða fyrir hoppukastala. Nemendur og starfsfólk eru afar þakklát stuðningi foreldra og kunna vel að meta. Það er mikið lán að eiga gott bakland í foreldrasamfélaginu.

Önnur mál: Fleira var ekki rætt. Skólastjóri lau fundinum með því að þakka fyrir gott samstarf og góða fundi. Óskaði gleðilegs sumars og sleit fundinum.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir